



Að vera ungur í anda



Sumt fólk er í fullu fjöri á nírræðisaldri á meðan aðrir eru ellihrumir um fimmtugt. Hvernig fólk eldist veltur ekki aðeins á fjölda ára sem það hefur lifað, heldur líka hvernig það hefur lifað. Reykingar, drykkja og óhollur matur getur látið mann líta út fyrir að vera miklu eldri en maður er og að maður lifir skemur. Svö virðist sem hið sama eigi við um stjörnuþyrpingar!

Kúlupyrpingar eins og þessi sem sést á myndinni eru hópar stjarna sem þyngdarkrafturinn bindur þétt saman. Þær myndast hratt svo allar stjörnurnar verða til um það bil samtímis. Stjörnurnar á myndinni eru meðal þeirra elstu í alheiminum. Þær urðu til fyrir um 13 milljörðum ára en alheimurinn sjálfur er aðeins 13,7 milljarða ára gamall! Nú hafa stjörnufræðingar fundið nokkuð skriftið djúpt í hjarta þessara gömlu stjörnuhópa: Ungar stjörnur!

Reyndar eru þessar dularfullu, ungu stjörnur í raun og veru gamlar. Þær hafa bara gengið í gegnum endurnújun lífdaga. Þegar tvær gamlar stjörnur rekast saman flýst efni á milli. Önnur stjarnan fær auka eldsneyti frá hinni. Stjarnan vex og verður þyngri og þungar stjörnur falla inn að kjarna þyrpingarinnar. Nýja eldsneytið gerir þessum stjörnum kleift að skína skærar og gefur þeim unglegt úti. Ráðgátan leyst!

COOL FACT

Eitt sinn réðu kúlupyrpingar ríkjum í Vetrarbrautinni okkar. Þegar hún myndaðist fyrst voru sennilega mörg þúsund kúlupyrpingar á sveimi. Í dag eru aðeins um 150 eftir!

